

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Breyting á deiliskipulagi Suðurstrandar og Hrólfskálamels.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 960. fundi sínum 22. febrúar 2023, breytingu á deiliskipulagi Suðurstrandar og Hrólfskálamels vegna lóðar númer 1 við Skólabraut.

Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur og nýtingarhlutfall aukið úr 0,16 í 0,44.

Breyting á deiliskipulagi Bakkahverfis.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 964. fundi sínum, 26. apríl 2023, breytingu á deiliskipulagi Bakkahverfis vegna lóðar númer 8 við Miðbraut.

Í breytingunni felst að heimilað er að byggja bílskúr/vinnustofu allt að 81,2 m² og nýtingarhlutfall aukið úr 0,35 í 0,46.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Seltjarnarnesbæjar, 9. maí 2023,

Brynjar Þór Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 24. maí 2023